2.TÖLUBLAÐ

22.JÚLÍ

SKÁTABLAÐIÐ SÓLSTAFIR

DAGLEGAR FRÉTTIR AF LANDSMÓTI SKÁTA

DAILY NEWS FROM THE ICELANDIC NATIONAL JAMBOREE



Sólríkur dagur framundan, fullur af nýjum ævintýrum! Á landsmóti er æðislegt að vera. Dagskráin er komin á fullt og lofar góðu og skátar setja mark sitt á Akureyri og nágrenni. Hefur þú kynnst einhverjum nýjum eins og Harpa skátahöfðingi stakk uppá? Ef ekki þá eru ennþá fullt af tækifærum, byrjaðu strax í dag!

A sunny day ahead, full of new adventures! It's great to be at the Jamboree! The program is in full swing and promises to be great, and scouts are making their mark in Akureyri and the surrounding area. Have you met anyone new like Harpa the chief scout suggested? If not, there are still plenty of opportunities, start today!

Til að senda inn tilkynningu eða efni í blaðið getur þú eða foringinn þinn skannað kóðann. Þín hugmynd gæti orðið fyrir valinu!

To send an announcement or content to the paper you or your leader can scan the QR code. Your idea might be chosen!

Tune in to FM 105.5, listen in the "Spilarinn" app or on spilarinn.is

Hlustaðu á FM 105.5, í „Spilarinn" appinu eða á spilarinn.is

ÞÁTTTAKENDUR DAGSINS
PARTICIPANTS OF THE DAY

1. Hvaða skátafélagi tilheyrir þú?
2. Hvað er mest spennandi á mótinu?
3. Hvers vegna ert þú í skátunum?

1. *What scout group do you belong to?*
2. *What are you most excited for during the Jamboree?*
3. *Why are you in scouting?*



Summer, 14

1. Kowloon 29th, Hong Kong
2. Að skipta klútum
Necker trading
3. Til þess að kynnast fólki og læra meira
To meet new people and learn more



Sæbjörn Logi, 11

1. Heiðabúar, Reykjanesbæ
2. Dagskráin
The program
3. Ég vildi bara prófa skátana
I just wanted to try it out



Kristjana Rögn, 14

1. Eilífsbúar, Sauðárkróki
2. Að kynnast nýju fólki
Meeting new people
3. Til þess að hafa gaman
To have fun



Tamim, 14

1. Doha
2. Alþjóðadagurinn
International day
3. Ég hef elskað skátana frá því ég var yngri
I have loved scouting since I was a child



Katrín, 12

1. Skjöldungar, Reykjavík
2. Að prófa eitthvað nýtt með vinum mínum
Trying something new with my friends
3. Til þess að hitta vini og hafa gaman
To meet new friends and have fun



Sean, 14

1. 1st Cochrane, Kanada
2. Að skipta merkjum
Badge trading
3. Vegna þess að mér finnst gaman að læra nýja hluti
Because I like learning new things

Now you finally have the jamboree song in English!

Jamboree song

We're going to a place,
A land made of red, white and blue
Now come! And join the race
To a place where the children all bloom

Our worlds are far apart
But now we're united as one
Get ready to depart
Let's sing our jamboree song

Chorus:
(Because..)
We walk this way
Trekking night and day
Where the fields glow red in the endless sunshine
And peaks grow tall on the mountain skyline
go out and play
On the northern way
We've been due north but now we're here to stay

Here mountains stand so tall
over the deep blue fjords
ike a roaring waterfall
gladly we're strumming our chords

Let us pitch our tents in peace,
pioneering flagpoles.
We'll raise the flag with ease!
Let it show us the way to our goals.

Chorus

Here the scouts they shine so bright
Glow like a campfires grace
take our scout oaths with delight
Let's go and pick up the pace.

Soon it's tiiiiiime to depart
but still were united as one.
Though our worlds are far apart
we sing our Jamboree song.

Chorus

Listen to the song:



„Tónlistin er ekki aðal draumurinn“

Þórir Snær Sigurðsson, nýrisin stjarna á Landsmóti skáta settist niður með ritstjórn og ræddi málin. Hann er Landnemi, stundar nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð og er fyrrum sigurvegari Rímnaflæðis. Hann byrjaði 10 ára í skátunum og hefur því verið skáti meirihluta ævi sinnar. Á föstudaginn fyllir hann í 19. aldursárið (endilega óskið honum til hamingju!).



Hvenær byrjaðir þú í skátunum?
Þegar ég var 10 ára



Hvað finnst þér skemmtilegast við skátalífið?
Vinirnir, ég eignaðist marga af vinum mínum í skátunum. Svo elska ég útilegurnar og skátamótin

Hvenær var mesta stemningin á setningarathöfninni?
Hreyfisöngvarnir eru alltaf vinsælastir og Macarena er þar fremst í flokki

Hvenær hófst tónlistarferillinn?
Ég byrjaði 12 ára að búa til tónlist í stúdíói í skólanum og tónlist hefur alltaf verið stór partur af lífi mínu

Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér?
Langar að verða DJ en tónlistin er ekki aðal draumurinn. Minn helsti draumur er að verða leikari og leikstjóri

Hvernig tónlist fílar þú?
Þungarokk. Uppáhalds hljómsveitin mín er Mötley Crüe. Uppáhalds lagið mitt með þeim er Kickstart my heart

Hvort myndir þú frekar eyða ævinni....
Í crocs skóm eða með grænt hár?
Með of langar táneglur eða með engar augabrúnir?
Búsettur í tjaldi eða á eyðieyju?







"Music is actually not my main passion"

Þórir Snær Sigurðsson, a rising star at the Scout National Jamboree, sat down with the editorial team for a chat. He's a Landnemi (a senior scout age group), studies at Menntaskólinn við Hamrahlíð, and is a former winner of Rímnaflæði (a rhyming competition). He started scouting at age 10, so he's been a scout for most of his life. On Friday he turns 19 — do wish him a happy birthday!

When did you start scouting? When I was 10 years old
What do you enjoy most about scout life? The friends — I've made many of my friends through scouting. I also love the camping trips and the scout jamborees
When was the atmosphere best at the opening ceremony? The action songs are always the most popular, and Macarena tops that list
When did your music career begin? I started making music at 12 in a studio at school, and music has always been a big part of my life
How do you see your future? I'd like to become a DJ, but music isn't the main dream. My biggest dream is to become an actor and director
What kind of music are you into? Heavy metal. My favorite band is Mötley Crüe. My favorite song of theirs is "Kickstart My Heart"

Which would you rather spend your life doing...
Wearing crocs or having green hair?
Having overly long toenails or no eyebrows at all?
Living in a tent or on a deserted island?



Þetta er ótrúlegt! - Norðurslóð

Vissir þú að? *Did you know?*

1. Hamrar eru nyrsta skátamiðstöðin í heimi
2. Styttra er síðan ísbjörn kom til Íslands en skátarnir héldu síðasta landsmót
3. Það getur tekið mosa allt að 100 ár að vaxa
4. Á Íslandi sest sólin aldrei á sumrin
5. Jöklar þekja um 10% af flatarmáli Íslands
6. Ísland er eitt eldvirkasta svæði jarðar
7. Aðeins 10* af 195 löndum heimsins eru á norðurskautinu
8. Vitað er af 23 tegundum hvala í kringum Ísland




Heilræði dagsins
Today's guidance





Fjölskylduskátar - Family scouts
Á landsmóti er líf og fjör, ef þið hafið alltaf jákvæðni að leiðarljósi þá mun hún vísa ykkur veginn að mesta fjörinu.
There is a lot of life and excitement at the Jamboree, if you always have positivity as your guiding light, it will show you the way to the most fun.

Drekaskátar - 7-9 years old
Hér eruð þið komin á vit ævintýranna, nú er um að gera að hafa augun opin og þora að prófa eitthvað nýtt.
Here you are on adventure's doorstep, now it's time to keep your eyes open and dare to try something new.

Fálkaskátar - 10-12 years old
Núna er tími til að vera ávallt jákvæður. Jákvæðni er eitt besta tólið í tösku lífsins, með henni verður dagurinn bjartari og dagskráin skemmtilegri.
Now is the time to be positive. Positivity is one of the best tools in life's toolbox, with it the day will be brighter and the program will be more enjoyable.

Dróttskátar - 13-15 years old
Gott skipulag er gulli betra! Farið yfir dótið í töskunni ykkar, kannski munuð þið finna eitthvað sem þið hélduð að þið væruð búin að týna. Í það minnsta munuð þið koma í veg fyrir að þið farið óvart aftur í skítugustu buxurnar ykkar.
Good organization is better than gold! Go through your bag, maybe you'll find something you thought you'd lost. At the very least, you'll prevent yourself from accidentally putting your dirtiest pants back on.

Rekkaskátar - 16-18 years old
Þið ættuð að setja ykkur markmið fyrir mótið. Eitthvað sem mun auðga upplifun ykkar af mótinu og hjálpa ykkur að búa til minningar sem munu endast. Þið eruð í blóma lífsins og það er mikill sigur falinn í því að ná markmiðum sínum, stórum sem smáum.
You should set a goal for the Jamboree. Something that will enrich your experience and help you create lasting memories. You are in the prime of your life, and there is great success in achieving your goals, big or small.

Foringjar og fararstjórar - Leaders and HOC
Það er gott að vera merkilegur, en það er merkilegra að vera góður. Þið eruð að massa það að tryggja öryggi og velferð skátanna en eruð þið að passa líka upp á ykkur og hvert annað?
It's good to be remarkable, but it's more remarkable to be good. You're working hard to ensure the safety and well-being of the Scouts, but are you also looking out for yourselves and each other?

Sjálfboðaliðar - Volunteers
Raulaðu þitt lag. Þið eruð að sinna fjölbreyttum verkefnum og hvert verk verður léttara með ljúfum tónum! Þá vita líka öll hvaða lag þú ert með á heilanum!
Hum your own tune. You're doing a variety of tasks, and each task will be easier with sweet melodies! In addition, everyone will know what song you have stuck in your head!

Lestu í sólstafina *What are the sunrays telling you?*

Sólstafirnir bera með sér boðskap fyrir okkur öll. Við fylgjum boðskapnum í einu og öllu sem framundan er á mótinu en hver er hann?

The sun rays carry a message for all of us. We follow that message in everything ahead in the next few days — but what is the message?
Check out the Jamboree Handbook page 13 if you want to test out your Icelandic skills.









HVERNIG ER VEÐRIÐ Í DAG?
HOW IS THE WEATHER?

